

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

72

21. febr.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæða og markmið.

1. gr.

Búnaðarsamband Vestfjarða sé skipt í eftirfarandi samþykktarsvæði og ræktunarfélög:

1. Búnaðarfélag Geiradalshrepps og Búnaðarfélag Reykhólahrepps.
2. Búnaðarfélag Gufudalshrepps og Búnaðarfélag Múlahrepps.
3. Búnaðarfélag Flateyjarhrepps.
4. Búnaðarfélag Barðastrandarhrepps.
5. Búnaðarfélag Rauðasandshrepps, Búnaðarfélag Patrekshrepps og Búnaðarfélag Tálknafjarðahrepps.
6. Búnaðarfélag Ketildalahrepps og Búnaðarfélag Suðurfjarðahrepps.
7. Búnaðarfélag Auðkúluhrepps, Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps, Búnaðarfélag Mýrahrepps, Búnaðarfélag Mosvallahrepps, Búnaðarfélag Flateyrarhrepps og Búnaðarfélag Suðureyrarhrepps.
8. Búnaðarfélag Hólshrepps, Búnaðarfélag Eyrarhrepps og Búnaðarfélag Súðavíkurhrepps.
9. Búnaðarfélag Ögurhrepps og Búnaðarfélag Reykjarfjarðahrepps.
10. Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps.
11. Búnaðarfélag Snæfjallahrepps.
12. Búnaðarfélag Grunnavíkurhrepps.
13. Búnaðarfélag Sléttuhrepps.

2. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag fyrir sig tekur að sér, í samráði við Búnaðarsamband Vestfjarða og með aðstoð þess og á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktarsvæðinu, eftir því sem við á á hverjum stað, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þeirra er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, til að hafa á hendi undirbúning, hvernig verkið skuli framkvæmt;
2. að framkvæma jarðvinnslu á þeim tünnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnuaðferðir eru viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins, á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2;
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag velur sér þriggja manna framkvæmdastjórn, samkvæmt 3. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, síðustu málsgrein. Skal hún kjörin til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórninni árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmennina má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stjórnar þeim, ritari sér um bókun fundargerða, gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávisun formanns.

Þar sem samþykktarsvæði nær aðeins yfir einn hrepp, getur stjórn hlutað-eigandi búnaðarfélags komið í stað framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast, í samráði við Búnaðarsamband Vestfjarða, kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum, til skurða og lokræsagerðar og á jarðvinnsluvélum. En samkvæmt 8. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, er henni einnig skylt að gera slík kaup í samráði við verkfæranefnd ríkisins.

6. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags sér, í samráði við Búnaðarsamband Vestfjarða, um kaup á öllu því, er með þarf, til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og það er á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveða, á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið er að.

8. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags ræður starfsmenn, semur um launakjör þeirra og hefur eftirlit með öllum jarðræktarframkvæmdum.

9. gr.

Allir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum, ályktunum aðalfundar Búnaðarsambands Vestfjarða eða tilögum Búnaðarfélags Íslands, eru skuldbindandi fyrir ræktunarfélagið eða ræktunarsambandið í heild, þótt þeir hafi ekki sérstaklega verið undir það — eða einstök hreppabúnaðarfélög — bornir. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða.

III. KAFLI

72

Um tilhögun framkvæmda.

21. febr.

10. gr.

Skýlt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félaganna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra, að því er næst verður komizt. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar hlutaðeigandi ræktunarsambands eða ræktunarfélaga, fyrir 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing stjórnar hreppsúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, sem um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórninni í samráði við stjórn búnaðarsambandsins, ef við verður komið, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur milli framkvæmdastjórnar ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins og sambandsstjórnar um veigamikil atriði varðandi þessi efni, leggst það fyrir aðalfund sambandsins til úrlausnar. Framkvæmdastjórn er skýlt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna túnræktar, garðræktar og engjaræktar, á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Verðlagsákvarðanir og greiðsla kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn sambandsins eða framkvæmdastjórn að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla, og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, geymsla þeirra, viðhald, er stafar af eðlilegu sliti, stjórnarkostnaður, verkstjórn og vaxtagreiðslur.

72 Heimilt er sambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættu-
21. febr. þóknun, er nemi allt að því 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur búnaðarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og lýsing á verki því, er vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka að sér verkefni fyrir búendur, hrepps-
félag eða aðra aðila í ræktunarsambandinu eða ræktunarfélaginu, þótt þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið, og þó einkum fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið, enda sé öruggt, að vélakostur sé ekki festur svo við þessi störf, að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur vegna áhættuþóknunar, svo og ef ágóði verður af ákvæðis-
vinnu, eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsam-
bandsins eða ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

18. gr.

Hvert samþykktarsvæði myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans fyrir ræktunarsamböndin eða ræktunarfélögin er sem hér segir:

1. samþykktarsvæði	kr.	34 000.00
2. —	—	26 000.00
3. —	—	10 000.00
4. —	—	24 000.00
5. —	—	37 000.00
6. —	—	35 000.00
7. —	—	80 000.00
8. —	—	55 000.00
9. —	—	42 000.00
10. —	—	19 000.00
11. —	—	19 000.00
12. —	—	13 000.00
13. —	—	13 000.00

Samtals kr. 407 000.00

Búnaðarsamband Vestfjarða leggur fram helming stofnfjárins, en viðkomandi hreppabúnaðarfélög hinn hluta þess, og eru framlög þessi óafturkræf.

Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó þannig, að hver verðeining ræktunarlóða beri aðeins hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

Heimilt skal þó framkvæmdastjórn ræktunarsambanda eða ræktunarfélaga að nota annan grundvöll við álagningu framlaganna, ef henta þykir.

Í stofnsjóð leggjast einnig þær árlegar tekjur, er inn koma samkvæmt ákvæðum 17. og 29. gréinar.

19. gr.

Jarðvinnsluvélar og verkfæri, er framkvæmdastjórn kaupir fyrir ræktunar-
sambandið eða ræktunarfélagið samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, skulu greiddar úr stofnsjóði, enda rennur styrkur sá, sem veittur er úr framkvæmda-
sjóði ríkisins til vélakaupa, í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu til búnaðarsambandsstjórnar, er tilkynnir það hreppabúnaðarfélagum áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða stofnfjárukningu, er hún bindandi fyrir hrepps-búnaðarfélagin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán, gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbætur verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarлага.

VI. KAFLI

Reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags er almanaksárið. Árlegum reikningsskilum og endurskoðun skal lokið, og aðalfundur haldinn svo snemma, að reikningar verði sendir og séu komnir í hendur formanns Búnaðarsambands Vestfjarða 15. marz. Sambandsstjórnin athugar reikningana og gerir tillögur til athugasemda, ef þurfa þykir. Leggur hún þá síðan ásamt umsögn fyrir aðalfund sambandsins til fullnaðarafgreiðslu.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir fyrir hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag, kjörnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, hafa í hvívetna eftirlit með starfsemi framkvæmdastjórnar og sannprófa að reikningum beri saman við bækur hennar. Búnaðarsambandið greiðir þeim þóknun, sem aðalfundur ákveður.

24. gr.

Samtímis og reikningarnir eru sendir sambandsstjórn, samkvæmt 22. gr., ber formanni hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags að senda formanni búnaðarsambandsins glögga skýrslu um framkvæmdir á síðastliðnu ári og áætlun um framkvæmdir yfirstandandi árs. Þessi gögn, ásamt umsögn sambandsstjórnar, skal leggja fram á næsta aðalfundi sambandsins og takast til meðferðar á fundinum, ef stjórn sambandsins telur við þurfa eða minnst 3 fulltrúar óska þess.

25. gr.

Þegar skipti Búnaðarsambands Vestfjarða í ræktunarsambönd eða ræktunarfélög, hafa hlotið staðfestingu samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, og samþykkt þessari, ber formönnum hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags að koma saman á fund. Semja þeir frumvarp að ræktunarsamþykkt fyrir ræktunarsambönd eða ræktunarfélög, sbr. 5. málsgrein 3. gr. áðurnefndra laga. Frumvarpið sé síðan lagt fyrir fund í hverju hreppabúnaðarfélagi. Sé hann löglega boðaður og fundar efni tilgreint. Hljóti frumvarpið þannig samþykki meiri hluta búnaðarfélaganna, skoðast það gildandi fyrir viðkomandi ræktunarsambönd eða ræktunarfélög að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða. Nú gerir meiri hluti félagsfunda breytingartillögur. Taka formenn félaganna frumvarpið þá til nýrrar meðferðar. Fær það þá gildi, eins og meiri hluti þeirra samþykkir það, að fengnu samþykki sambandsstjórnar.

72 Rísi ágreiningur um frumvarpið milli sambandsstjórnar og samþykktaraðila, 21. febr. leggst hann fyrir aðalfund sambandsins og er löglega samþykktur úrskurður hans gildandi.

Í ræktunarsamþykkt þessari séu ákvæði um:

1. Með hvaða hætti félagið velur sér framkvæmdastjórn.
2. Upphæð stofnsjóðs ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins samkvæmt 18. gr. þessarar samþykktar.
3. Hvaða upphæð hverju hreppabúnaðarfélagi ber að leggja í stofnsjóðinn, sbr. 18. gr. þessarar samþykktar.
4. Tilhögun og stjórn jarðræktarframkvæmda á samþykktarsvæðinu, þannig að sem mest tillit sé tekið til staðhátta hvers svæðis.
5. Fyrningar og viðhaldsgjald véla og verkfæra, samkvæmt ákvæðum verkfæranefndar ríkisins, sbr. 10. gr. laga nr. 7 1945. Enn fremur annað það, er jarðræktarstarfsemi félagsins sérstaklega varðar, og þörf telst að setja ákvæði um. Enda séu öll slík ákvæði í samræmi við nefnd lög, reglugerð og samþykkt þessa.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórum, skulu sendar stjórn búnaðarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykktinni standa, samkv. 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan ásamt umsögnum búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með minnst $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda þær Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi hennar verði ekki náð, og lögsmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með minnst $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 1000—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.